

Fundargerð (46)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams fimmtudaginn 11. nóvember 2021, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Heiða Björk Vignisdóttir
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

- 1. Fundargerð 45. fundar.** Staðfest.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur gerði grein fyrir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar, leiðsögn og liðsinni við eftirfylgni með innleiðingu hjá einstaka aðilum.
- 3. Matshópur – beiðni um varafulltrúa fyrir SFV.** Fram kom hjá verkefnisstjóra og formanni matshóps að við yfirferð erindisins hafi SFV fallið frá beiðninni. Lögð er áhersla á skýr skil milli gagna sem unnið er með á vettvangi SFV og þeirra sem skilað er til matshóps.
- 4. Innleiðingarhópar – skýrslur.** Innleiðingarhópar hafa skilað stýrihópi skýrslum sem eru aðgengilegar á gagnasvæði stýrihópsins. Fjallað stuttlega um stöðuna í einstökum innleiðingarhópum.
- 5. Önnur mál**
 - Harpa Júlía gerði grein fyrir að fulltrúi af hálfu Fih hafi enn ekki tekið sæti í matshópi og nýr fulltrúi verði tilnefndur fljótlega.
 - **Hrós** til þeirra sem staðið hafa áberandi vel að baki BVV fellur nú í skaut Gunnars Arnar og Söndru Franks hjá Sjúkraliðafélagi Íslands.

Fundi slitið kl. 14.55. Næsti fundur fimmtudaginn 25. nóvember kl. 14.30.
Fundargerð er aðgengileg á Teams.